

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um villidýralög og sjávarspendýr.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvaða ástæða er fyrir því að frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum var fellt niður á endurskoðaðri þingmálaskrá yfirstandandi þings? Hvenær má vænta þess að ráðherra leggi frumvarpið fram?
2. Hvaða samtal hefur átt sér stað á milli ráðuneyta um flutning málefna sjávarspendýra frá matvælaráðuneytinu yfir til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins frá því að ráðherra svaraði fyrirspurn þess efnis á 152. löggjafarþingi (þskj. 1130, 662. mál)?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að málefni sjávarspendýra verði færð undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum?

Skriflegt svar óskast.